



Hvernig á laxeldi á Íslandi að geta gengið?

Jónatan Þórðarson, eldisstjóri Fjarðalax ehf.

Almennt um Fjarðalax.

- Seiðaeldi í Þorlákshöfn
- Matfiskeldi á laxi
 - Arnafirði
 - Tálknafirði
 - Patreksfjörður
- Pökkun
 - Patreksfirði
- Sala
 - North Landing




Hvernig á að skilgreina eldissvæðin m.t.t. kynslóðaskiptingar ?




Ógnir við framþróun laxeldi á Íslandi

- Afleit stjórnsýsla. Lög og reglugerðir um greinina eru mjög heftandi og gamaldags miðað við nútíma þarfir.
- Stjórnsýslan er ekki farin að horfa til kynslóðaskiptingar.
- Hár flutningskostnaður og erfiðir flutningar.
- Lítil almenn innviði í greininni héraendis.
- Lágt hitastig í sjó, þess vegna hægur vöxtur.



Skipuleggja þarf eldissvæðin

- Skipuleggja þarf svæðin með tilliti til:
 - Smitsjúkdóma/varna
 - og líffræðilegs burðarpóls fjarðanna.
- Þetta er einfalt þegar um minni firði er að ræða, þá er aðeins pláss fyrir einn aðila í firði og ein kynslóð fer í fjörð (all in all out).
- Málið flækist þegar stærri firðir eða fjarðakerfi er um að ræða.




Tækifæri – Auknar útflutningstekjur

- Það er til dæmis stórt þjóðhagslegt mál hvernig staðið verður að skipulagningu eldis og veitingu leyfa í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi.
- Í þessum tveimur fjörðum getum við.
 - Framleitt um 100.000 tonna af laxi
 - Útvegað 1.500 störf í greininni
 - Skapað 60-70 milljarða í útflutningsverðmætum.



Tækifæri – Skipulagning eldissvæða

- Menn þurfa að skilgreina svæði með tilliti til:
 - kynslóðaskiptingar
 - Sameiginlegar seiðaútsetningar
 - Hvíld fjarðanna/skilgreindra eldissvæða.
- Víti til varnaðar
 - Í Chile og Færeyjum varð hrun í framleiðslu vegna sjúkdóma.
 - Síðan hafa þeir tekið upp kynslóðaskiptingu.
- Ef við tökum okkur ekki á í skipulagsmálum
 - Fer alveg örugglega illa.
 - Sjúkdómar munu verða illviðráðanlegir.



Tækifæri – Hærra markaðsverð

- Til að veða upp á móti háum kostnaði, þá verða menn að hækka tekjur og lækka gjöld.
- Til að hækka markaðsverð
 - Er hægt að vera með betri gæði en aðrir.
 - Og/eða, vera með umhverfissvottaðan fisk.
 - Einhver áframvinnsla er hugsanleg, en hún þarf að vera á stór skala, ekki minni en 10.000 tonn/ári.



Tækifæri – Hærra markaðsverð

- Til eru margskonar vottanir og þessi heimur er heill frumskógur:
 - BAP; Freedom Food; World Markets; Organic; ASC; RSPCA.
- Það er mikil vinna að fá þessar vottanir og kostnaður.

Kröfurnar snúast um:

- Hreinleika,
 - Dýravelferð,
 - Umhverfisvernd,
 - Aflúsun má ekki eiga sér stað,
 - O.s.frv.
- En vottunarvinna er líklega dýrmætasta vinna hvers fyrirtækis í matvælageiranum í dag.



Tækifæri – Lækka kostnað

- Til að lækka gjöld og bæta fyrir kaldan sjó þá getum við búið til stór seiði og stytt ferlið í sjó um 4 mánuði.
- Helsti styrkur íslensks laxeldis er að við:
 - Getum búið til ódýrari seiði en aðrir
 - Og að auðvelt er að ná vottunum vegna þess að við erum ekki með laxalúsavandamál enn þá, eða alvarlega laxasjúkdóma...



Ógnanir og tækifæri

- Ef tekst að halda niðri lúsastofnum og menn geta alið hér lax án þess að þurfa að aflúsa, þá:
 - Verður framleiðslukostnaður 50 krónum minni á kíló og það næst að framleiða vottaðan fisk, sem mun að meðaltali skila verulega hærra verði til framleiðanda.
 - Ef þarf að aflúsa, þá missa menn vottanir og reksturinn verður mjög erfiður.
- Ein meginforsenda þess að hægt verði að byggja upp laxeldi á Íslandi er að við vinnum heimavinnuna í skipulagsmálum.



Umhverfisvottaður lax, 8,8 kíló
eftir 15 mánuði í sjó.

